

Lög

um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eigendur dýra og erfðæfnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar.

2. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 29. apríl 1996.